

Elkem Ísland ehf.
Grundartanga
301 Akranes

18. mars 2026, Egilsstaðir
UOS-3268/F.Æ.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávika í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 17. desember 2025, þar sem stofnunin óskar eftir uppfærðri úrbótaáætlun vegna eldra frávika sem kom fram í eftirliti í Elkem þann 22. júní 2023. Þann 3. mars 2026 barst uppfærð úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

1. Gr. 1.3 í starfsleyfi, sbr. b-lið 1. mgr. 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. rg. 935/2018. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir. Fram kom í eftirliti að verksmiðja Elkem uppfyllir ekki að fullu þær kröfur sem fram koma í BAT niðurstöðum fyrir iðnað með járnláusan málm.

Rekstraraðili hefur sent Umhverfis- og orkustofnun yfirlit yfir aðgerðir sem settar hafa verið fram til þess að uppfylla kröfur í BAT niðurstöðum fyrir iðnað með járnláusan málm. Í yfirlitinu er að finna lýsingu á aðgerðum og áætluð verklok.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávika verða teknar út í næstu eftirlitum Umhverfis- og orkustofnunar auk þess sem rekstraraðili mun senda stofnuninni framvinduskýrslur tvisvar á ári (1. apríl og 1. október) þar til úrbótum verður lokið.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson

Sérfræðingur, teymi eftirlits

Sigríður Magnúsdóttir

Sérfræðingur, teymi eftirlits